

stýrði. En það var ekki hann sem stýrði heldur selurinn, og hann stýrði rակleðis út á haf.

Ef ég kemst klaklaust úr þessu, skal fjandinn — —

Selurinn tók nokkrar dýfur og blótsyrðin hættu, því Vestman mátti til með að kippa inn árinni og ná austurtroginu, til að ausa sjóinn úr bátnum.

Þegar báturinn var þur, stakk hann út árinni aftur, og það varð strax rólegra, rétt eins og hann sæti og stýrði.

En nú voru stjörnurnar horfnar og það var komin rígningsúld með krapaslettingi, svo hann sá einu sinni ekki öxina; honum fanst sem grá þoka legðist að sér á alla vegu. Og áfram hélt báturinn, áfram, en það var eins og vindstaðan hefði breyzt, því nú komu öldurnar á hliðina framantil; og hún breyttist meir og meir.

Nú varð hann hræddur.

Og á meðan hann jós bátinn aftur fór hann að hugsa um konu og börn, heimilið og eignirnar, og svo um eilífðina, sem lá nú áreiðanlega fyrir honum; hann hugsaði um að hann hefði ekki farið til kyrkju — já, í hvað mörg ár? Það mundi hann ekki, en það var ekki síðan um árið, þegar kóleran geysaði — og að hann hefði ekki verið til altaris — nú straukst bakborðshliðin við rekísinn. Drottinn Jesús! Ég aumur syndari! — Hann hafði gleymt öllu — Faðir vor, þú sem ert á himnum — — verði þinn vilji svo á himni — — þetta mundi hann ekki heldur?

Hvílíkur ógnar langur tími, og svo fjarskalega framorðið: með þessu lagi kæmist hann bráðum yfir til Álands; en ef hann lenti nú í rekísnum, þá hlyti hann að berast með honum niður til Gotlands eða inn í finnska flóann. En áður en þangað kæmi yrði hann vist dauður úr kulda.

Hann kraup niður í bátinn til að skýla sér fyrir köldum vindinum; og þegar hann var lagstur á huén, mundi hann alt Faðir vor, og las það víst tuttugu sinnum; og í hvert sinn sem hann sagði Amen, skar hann skoru í bátssúðina með vasahnífnum. Og hann varð rólegri, þegar hann heyrði sína eigin rödd, því það var eins og hann væri að tala við einhvern, og einhver væri að tala við hann, og orðin mintu hann á fjölda fólks